

L Ö G

3

13. febr.

um samkomudag reglulegs Alþingis 1959.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Reglulegt Alþingi 1959 skal koma saman mánudaginn 12. október, hafi forseti Íslands eigi tiltekið annan samkomudag fyrr á árinu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 13. febrúar 1959.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

4

20. jan.

um breyting á lögum nr. 29 7. apríl 1956, um atvinnuleysistryggingar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

5. gr. orðist svo:

Atvinnurekandi skal greiða iðgjald til atvinnuleysistryggingasjóðs, að upphæð kr. 4.88 miðað við vinnuviku, unna í þjónustu hans. Nú verður breyting á grunnkaupi Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og breytist þá iðgjaldið um næstu áramót í samræmi við það. Við ákvörðun iðgjaldsins skal miðað við meðaltalsgrunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu á síðastliðnu ári. Iðgjald þetta skal greiða með visitöluálagi, samkvæmt meðalvisitölu þeirri, sem umrætt kaup hefur verið greitt eftir árið á undan.

Sé um tímavinnu að ræða, teljast 48 stundir í viku, en brot úr viku telst heil vika.

2. gr.

Við 1. mgr. 18. gr. bætist:

Nú breytist grunnkaup Dagsbrúnarverkamanns í almennri dagvinnu, og er þá ráðherra heimilt, að fengnum tillögum stjórnar atvinnuleysistryggingasjóðs, að breyta upphæðum bóta samkvæmt lögum þessum í samræmi við það.

3. gr.

Frestur sá til endurskoðunar á lögnum, sem settur er í 22. gr., framlengist um tvö ár.